

135 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um veiting einkaleyfis. —

28. okt. Eptir allra þegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins hefur hans hátign konunginum hinn 24. dag þ. m. allra mildilegast þóknast að veita Peter Möller í Kristiania allrahæst framhaldseinkaleyfi, þar sem einkaleyfi það, er honum hinn 12. sept. þ. á. var veitt um 5 ára tímabil til þess að gjöra meðalalýsi á þann hátt, er hann hefur tiltekið, allstaðar í Danaríki nema á Íslandi, Færeyjum og í nýlendunum, er rýmkað svo, að leyfið gildi einnig fyrir Ísland.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

136 Útdráttur úr brjefi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um sveitakennara-

18. nóv. styrk. — Fyrirspurn frá sóknarnefndinni í Húsavíkursókn svarað á þá leið, að styrkurinn til sveitakennara væri samkvæmt orðum fjárlaganna ekki veittur þeim, er sveitakennara nota, til afdráttar í launum sveitakennaranna, heldur sveitakennurunum sjálfum, eptir nemendafjölda og kennslutímalengd, án alls tillits til launa þeirra, er þeir fá fyrir starfa sinn af þeim, er ráða þá til kennslunnar.

Reikningur

137 fyrir styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda frá 1. september 1891 til 31. ágúst 1892.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar 1. september 1891 (sjá Stj.tíð. 1891 B, 179. bls.):
 - a. Innritunarskírteini Ltra A fol. 84 kr. 8600,00
 - b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . — 553,23 kr. 9153,23
2. Ársvextir af innstæðu sjóðsins:
 - a. Af innritunarskírteini til $11\frac{1}{6}$ '92 á $3\frac{1}{2}\%$. . . — 301,00
 - b. — innstæðu í landsbankanum — 23,66 — 324,66

kr. 9477,89

Gjöld:

1. Heiðursgjafir veittar:
 - a. Guðmundi Guðmundssyni á Auðnum kr. 140,00
 - b. Jóni Guðmundssyni á Efri-Brú — 140,00 kr. 280,00
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1892:
 - a. Innritunarskírteini Ltra A fol. 84 — 8600,00
 - b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . — 597,89 — 9197,89

kr. 9477,89

Reykjavík 1. október 1892.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.